



Ársskýrsla Klúbbsins Geysis 2010



Efnisyfirlit	
Ársskýrsla Klúbbsins Geysis 2010.....	5
Stjórn	5
Starfsemi	5
Tíu ára starfsafmæli Geysis	6
Þátttaka í ráðstefnum og fundum innanlands um geðheilbrigði	6
Styrkir	7
Vottun og úttekt	7
Starfsmannamál.....	7
Atvinnumál	7
Ráðning til reynslu	7
Sjálfstæð ráðning og atvinna með stuðningi.....	8
Alþjóðlegt samstarf	8
Félagslíf	9
Heimsóknir að utan	9
Námskeið og kennsla.....	10
Alþjóðlegur geðheilbrigðisdagur 10. október.....	10
Heilsuefning.....	10
Geðheilsugarðurinn	11
Eldhús- og viðhaldsdeild	11
Dagleg starfsemi.....	11
Sjoppa	11
Haustmarkaður	11
Veislur	11
Blómavika/Skreytingar	12
Viðhaldsdeild	12
Dagleg starfsemi.....	12
Viðhald húsnæðis	12
Skrifstofu- atvinnu- og menntadeild (ATOM).....	13
Dagleg starfsemi.....	13
Atvinnu- og menntadeild (ATOM)	13
Símakönnun	13
Móttaka	14
Útgáfumál	14
Heimasíða	14
Kynningarstarfsemi	15
Tölfræði	15

Ársskýrsla Klúbbsins Geysis 2010

Styrktarfélag Klúbbsins Geysis er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Meginhluti rekstrarfjár klúbbsins kemur frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu en einnig er að reksturinn að hluta til fjármagnaður af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, frjálsum framlögum, styrkjum fyrirtækja og sjóða, oft vegna sérstakra verkefna. Klúbburinn starfar eftir hugmyndafræði Fountain House og er tilgangur hans að virkja félag klúbbsins til þátttöku í samfélaginu. Er það gert með því að halda uppi vinnu miðuðum degi innan klúbbsins með fjölbreyttum verkefnum. Félagar klúbbsins fá einnig aðstoð við húsnæðis- og atvinnuleit, stuðning vegna náms auk þess sem boðið er upp á félagslega dagskrá eftir vinnumiðaðan dag á fimmtudögum.

Stjórn

Haldnir voru þrjár stjórnarfundir árið 2009. Í fyrsta skipti sögu Geysis settist klúbbfélagi í stjórn Klúbbsins. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir málefni klúbbsins er varða rekstur, fjárhag, stefnumótun og skipulag. Stjórnin samþykkir ársreikninga, ársskýrslu og framkvæmda-áætlun klúbbsins.



Frá stjórnarfundum
24. nóvember 2009.

Stjórnina skipa:

Arna Schram, blaðamaður.

Guðrún Hannesdóttir, félagsfræðingur.

Gunnhildur Sigurðardóttir, fulltrúi hjá Rauða Krossi Íslands.

Hallgrímur Gunnarsson, verkfræðingur.

Ingólfur Ingólfsson, félagsfræðingur.

Jóhanna María Eyjólfsdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Jón Sigurgeirsson, lögfræðingur.

Jón Snorrason, forstjóri.

Lára Björnsdóttir, sérfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Ólafur Ólafsson, lyfjafræðingur.

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri.

Þórunn Hafstein, settur ráðaneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Ögmundur Jónasson, alþingismaður.

Starfsemi

Starfsemi Klúbbsins hélt áfram að styrkjast og eflast á síðasta ári. Um áramótin 2009-2010 voru 369 skráðir félagar í klúbbum og hefur þeim fjölgað um 35 frá árinu 2008. Að meðaltali mættu 30 félagar í klúbbinn á dag árið 2009. Alls komu 70 einstaklingar í kynningar í Klúbbinn Geysi á árinu af þeim gerðust 26 félagar sem er 37% þeirra sem komu í kynningar. Tæplega helmingur þeirra sem komu í kynningar eða 46% komu frá LSH, Kleppi og tengdum stofnunum. Klúbburinn Geysir gerði samning árið 2008 við félags- og tryggingamálaráðuneytið um þjálfun, endurhæfingu, náms- og starfsráðgjöf og stuðning við einstaklinga sem hafa átt við geðsjúkdóma að stríða. Markmiðið er að stuðla að jafnvægi í daglegum verkum, þannig að einstaklingurinn geti lifað eðlilegu og sjálfstæðu lífi og verið virkur þátttakandi í þjóðfélaginu. Einnig að styðja einstaklinginn til að komast í nám eða út á almennan vinnumarkað.

Samningurinn gildir fyrir árin 2008 og 2009. Klúbburinn Geysir á sæti í ráðgjafahóp sem nefnist Straumhvörf og vinnur að verkefni „Átak í þjónustu við geðfatað fólk“. Geysir sótti tvo fundi Straumhvarfa á árinu . Verkefnisstjórn er skipuð af félagsmálaráðherra og samanstendur af fulltrúum notenda, hagsmunafélögum geðsjúkra, aðstandendum og fagfólki, auk fulltrúa annarra félagasamtaka sem láta sig málefni geðsjúkra varða. Hópurinn er hugsaður sem málsvari notenda þeirrar þjónustu sem ráðuneytið rekur og á að enduróma raddir notenda.

Tíu ára starfsafmæli Geysis

Haldið var upp 10 ára starfsafmæli klúbbsins Geysis, þann 6. september. Sett var á laggirnar undirbúningsnefnd til þess að undirbúa veislu og skemmtiatriði. Meðal skemmtiatriða má nefna að hljómsveitin „Menn Ársins“ tróðu upp og boðið var í ferð með strætó þar sem ekið var framhjá þeim stöðum sem klúbburinn hefur starfað síðastliðinn 10 ár. Um 200 manns mættu og glöddust með félögum klúbbsins, en meðal gesta var frú Vigdís Finnbogadóttir verndari Geysi, sem heiðraði klúbbinn með nærveru sinni. Ögmundur Jónasson þáverandi heilbrigðisráðherra og stjórnarmaður í Geysi ávarpaði samkomuna. Í tilefni afmælisins fóru Kristinn S. Einarsson framkvæmdastjóri, Björk Agnarsdóttir og Kristín Kristjánsdóttir í viðtal á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Auk þess fékk afmæli klúbbsins fékk umfjöllun í blöðum bæði með viðtölum við starfsmann og félaga.



Frá 10. ára afmælisveislu Geysis.

Þátttaka í ráðstefnum og fundum innanlands um geðheilbrigði

Starfsmaður og félagi tóku þátt í tveggja daga verkefni um starfsdaga athvarfa sem Rauði Kross Íslands rekur til að þjónusta geðsjúka. Félagi og starfsmaður sátu ráðstefnu um fordóma gagnvart geðsjúkum sem var haldin í Háskóla Íslands. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Hugarafll, Geðlæknafélag Íslands, Félags- og Mannvísindadeild Háskóla Íslands og Félagsfræðingafélag Íslands. Framkvæmdastjóri og félagi sóttu ársfund Hlutverks, samtaka um vinnu og verkþjálfun. Sótt var norræn ráðstefna á Hótel Nordica í nóvember undir yfirskriftinni: „Vinna fyrir alla“. Geysir var einnig með kynningarbás á ráðstefnunni. Samráðsfundir athvarfanna og félagasamtaka sem starfa við endurhæfingu geðsjúkra hafa verið haldnir um árabil. Þau félagasamtök sem bjóða upp á úrræði handa geðsjúkum skiptast á um að halda fundina, en þeir eru haldnir næstsíðasta fimmtudag í hverjum mánuði á vorin og haustin. Á þessum fundum er skipst á upplýsingum um það sem efst er á baugi, og almenn skoðanaskipti um málefni geðsjúkra.

Styrkir

Geysir fékk styrk úr Starfsmenntasjóði og var hann nýttur til námskeiðahalds. BYKO gaf klúbbum kerru sem hægt er að hengja aftan í hjól og nýtist því vel í sendiferðum. Hagkaup gaf klúbbum tvö reiðhjól að gjöf. Einnig fékk klúbburinn styrk úr Samfélagssjóði Orkuveitu Reykjavíkur til þess að efla félagslega dagskrá í klúbbum. Flúðasveppir ehf. gáfu klúbbum grænmeti til þess að selja á haustmarkaði klúbbsins sem haldinn var í fyrsta skipti á árinu. Einnig gáfu fjölmörg fyrirtæki Klúbbum Geysi gjafir í vinninga í hinu glæsilega jólahappdrætti sem haldið er í jólaveislu klúbbsins ár hvert.

Vottun og úttekt



Félagar hlýða á niðurstöðu úttektarinnar.

Vikuna 2. til 6. febrúar kom vottunarteymi frá ICCD til þess að taka út klúbbinn. Niðurstaða heimsóknarinnar var að Geysir fékk skilyrta vottun til þriggja ára gegn því að bætt yrði úr ýmsum þáttum starfseminnar sem ekki þóttu fullnægjandi samkvæmt athugunum /niðurstöðum teymisins. Skýrslu þess efnis var skilað ICCD í febrúar/mars 2010. Á árinu hefur verið unnið mjög mikið starf til þess að afla þeirra gagna sem ekki þóttu gerð nægileg góð skil í klúbbum og þeir þættir lagaðir sem betur máttu fara. Einn fundur starfsmanna, framkvæmdastjóra og stjórnarformanns var haldinn til þess að ræða viðbrögð við vottunarniðurstöðunum.

Starfsmannamál

Nýr starfsmaður, Guðrún Þórey Gunnarsdóttir var ráðin til starfa í Geysi 1. júlí. Klúbburinn er enn samstarfsaðili Alþjóðlegra ungmennaskipta (AUS). Ernestas Liubarskij frá Litháen hóf störf í september sem sjálfboðaliði á vegum AUS og tók hann við af Sophiu Noack frá Þýskalandi. Áfram var unnið í því að ræða launamál starfsmanna til framtíðar.

Atvinnumál

Ráðning til reynslu

Í ársbyrjun hafði Klúbburinn yfir að ráða sex störfum í Ráðningu til reynslu (RTR). Eitt hjá Félagsmálaráðuneytinu og þrjú hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og tvö hjá Bifreiðastöð Íslands (BSÍ). Störfin á BSÍ komu ný inn á árinu, tveir félagar sinna þeim störfum til skiptis, viku í senn. Níu félagar fóru í gegnum ráðningu til reynslu á árinu.



Geysisfélagi í RTR á BSÍ.

Sjálfstæð ráðning og atvinna með stuðningi

Geysir hefur verið í góðu samtarfi við Atvinnu með stuðningi (AMS). Klúbburinn kemur að starfleit félaga með ýmsum hætti, þar sem stuðningurinn er einstaklingsmiðaður. Dæmi: Gerð ferilskráa, starfsleit á netinu, farið með félögum í viðtöl hjá AMS og vinnumiðlun fatlaðra, Tryggingastofnun og Vinnumálastofnun. Má leiða að því gild rök að þátttaka í starfi Klúbbsins hafi styrkt sjálfsmynd félaga og löngun til atvinnuþátttöku. Á árinu var hópur um starfsleit og starfsþróun stofnaður og fundaði hann reglulega á árinu. Farið var yfir gerð ferilskrár, atvinnuviðtöl og fleira tengt starfsleit. Í lok árs 2009 voru 73 félagar í vinnu, 31 félagi var í vinnu og námi og 49 félagar voru í námi. Alls 153 félagar eða 41%. Af þeim stunduðu 104 vinnu eða vinnu og nám sem gerir 28% félaga [sjá mynd 1 á bls. 16].

Alþjóðlegt samstarf

Félagi og starfsmaður fóru á fimmtánda alþjóðlegu ráðstefnu Fountain House sem



Frá lokafundi Elect verkefnisins í Kaupmannahöfn 20. – 23. september 2009. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Kaupmannahafnar.

haldin var á Flórída dagana 24. til 29 október. Starfsmaður og félagi fóru á Elect fund í London dagana 29. mars til 1. apríl og annar og síðasti Elect fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn 20.- 23. september. Elect stendur fyrir „European learning communities for training of people with mental illnesses“ eða Evrópsk náms-samfélög til þjálfunar og kennslu fólks með geðræna sjúkdóma. Markmið verkefnisins er að þróa aðferðir til stuðnings menntunar fólks með geðræn veikindi í Evrópskum klúbbhúsum. Þær þjóðir sem komu að þessu verkefni eru: Finnland, England, Svíþjóð, Noregur, Ísland, Danmörk og

Þýskaland, auk þess átti ICCD aðild að verkefninu. Elect verkefnið hófst 1. nóvember 2007 og því lauk formlega 31. september 2009. Elect verkefnið var styrkt af Evrópusambandinu. Í tengslum við Elect verkefnið fór starfsmaður og félagi til London vikuna 22. til 27.mars. Markmið ferðarinnar var að taka þátt í þjálfun þar sem prufukeyrt var efni og aðferðir sem þróaðar hafa verið í Elect starfinu til þjálfunar félaga og starfsmanna þeirra klúbbhúsa sem eru að og vilja byggja upp atvinnu- og menntadeildir í sínum klúbbum.

Klúbburinn á tvo fulltrúa í CAC (Clubhouse Advisory Council) ráðgjafaráði ICCD. Ráðið heldur einn fund á ári. Framkvæmdastjóri og félagi sátu fund ráðsins í lok mars.

Félagslíf

Þar sem öll starfsemi Klúbbsins innan vinnumiðaðs dags er afar verkefnaþrið er félagslíf Klúbbsins mikilvægt til að byggja upp tengsl og rjúfa félagslega einangrun. Fyrsti fimmtudagur í hverjum mánuði hefur verið helgaður opnu húsi allt frá stofnun klúbbsins. Sú hefð hefur haldið velli og ýmsar uppákomur haldnar.

Árleg vorferð klúbbsins var farin að Hala í Suðursveit og tókst mjög vel en alls fóru 20 félagar, auk tveggja starfsmanna í ferðina.

Aðstandenda- og kynningardagur var haldinn 4. júní og er það liður í að halda góðu og jákvæðu sambandi við aðstandendur klúbbsfélaga.

Þann 11. júní var farið að flekaskilum Evrópu og Ameríku á Reykjanesi.

Veiðifélag klúbbsins fór í veiðiferðir til Þingvalla og að Kleifarvatni. Einnig fóru nokkrir félagar í sjóstangaveiðiferð Geðhjalpar þann 5. ágúst.

Hljómsveit Klúbbsins, Keli og kiðlingarnir hélt æfingar og spilaði á jólaskemmtun Klúbbsins. Hljómsveitin æfði vor og haust undir óeigingjarnri leiðsögn Péturs Hjálmarssonar bassaleikara.

Þann 6. nóvember var árlegt jólaföndurkvöld í Geysi, þá mættu félagar ásamt aðstandendum og áttu saman notalega stund við að fönndra fyrir jólin.

Þann 25. júní var farið í Krika við Elliðavatn, en það er hús í eigu Sjálfsbjargar í Reykjavík. Þar fóru félagar meðal annars farið í gönguferðir og svo var grillað.



Myndin er tekin á Núpstað Vestur-Skaftafellssýslu í vorferð Geysis.

Félagar í Geysi sóttu tónleikaröð Gunnars Kvaran undir heitinu „Töframáttur tónlistar“. Farið var út í Viðey fimmtudaginn 20. ágúst. Þar var grillað og eyjan skoðuð.

Margir félagar í Geysi leggja stund á myndlist. Í kaffihorni Geysis hefur félögum verið boðið að sýna myndir sínar. Á árinu hélt Anna Lía Sigurðardóttir og Alma Guðmundsdóttir sýningu í Geysi.

Annað hefðbundið félagslíf á vegum Geysis, er bíóferðir, keila, kaffihús og gönguferðir.

Heimsóknir að utan

Cecilia Routio starfsmaður Fountain House í Helsinki heimsótti Geysi um miðjan júní, en hún var á ferðalagi um Ísland ásamt manni sínum.

Tveir félagar heimsóttu Geysi frá Falkenberg klúbbum í Svíþjóð. Þeir voru á leið til Bandaríkjanna og vildu skoða Klúbbinn Geysi og fá kynningu.

Sex manna hópur félaga og starfsmanna frá Fountain House Osló heimsóttu Geysi. Þeir dvöldu tvo daga í Geysi og tóku þátt í vinnumiðnum degi, auk þess sem þeir kynntu sér aðra starfsemi Geysis.

Fimm norskir hjúkrunarfræðingar frá Þrándheimi komu í heimsókn í Geysi og dvöldu einn dag til þess að kynna sér starfsemi klúbbsins.

Námskeið og kennsla

Námskeiðahald innan klúbbsins hefur aukist til muna. Munar mikið um eflingu ATOM (atvinnu- og menntadeildar), þar sem félagar og starfsfólk hafa meðal annars skipulagt námskeið og útbúið námsgögn. Ákveðið var að bjóða upp á aðstoð við féлага í Tölvuveri Geysis þar sem félagar geta fengið einstaklingsmiðaða aðstoð í Microsoft Office, tölvupósti og vélritun. Boðið er upp á námskeið í Facebook, sem var mjög vel sótt. Einnig var í boði aðstoð fyrir féлага vegna verkefnavinnu og aðstaða til lesturs. Klúbburinn Geysir hefur alltaf átt hæk í horni hjá Þekkingarmiðlun ehf. sem hélt þrjú námskeið í Geysi á árinu, „Að sækja um starf“, „Stjórnun álags og streitu“ og „Að auka persónulegan styrk sinn“. Rauði Krossinn var með námskeið þar sem kynntur var hjálparsími Rauðakrossins. Einnig var haldið eldvarnanámskeið á vegum Landssambands slökkvilið-smanna. Haldinn var fyrirlestur um skaðsemi reykinga og haldið var námskeið í skyndihjálp.



Félagar í tölvuveri Geysis.

Alþjóðlegur geðheilbrigðisdagur 10. október



Myndin er tekin 10. október í Mjódd af félögum í Geysi.

Klúbburinn tók þátt í Alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum sem haldinn var hátíðlegur þann 10. október. Að þessu sinni fór dagskrá fram í Mjóddinni. Þetta er í fyrsta skipti sem haldið var upp á daginn í Mjóddinni og þótti það takast með ágætum. Unnið var að undirbúning frá því í ágúst. Hugmyndafræði Klúbbsins var kynnt, auk þess sem klúbburinn var með fjáröflunarmarkað til styrktar klúbbum. Geysir og Hugarafli höfðu umsjón með uppsetningu og skipulagi myndlistarsýningar.

Heilsuefling

Mikil áhersla var lögð á heilsueflingu félaga og starfsfólks. Áfram var haldið farsælu samstarfi við líkamsræktarstöðina í Laugum og áhersla lögð á hollt mataræði og að efla skilning á mikilvægi góðrar heilsu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Heilsuhópurinn fundar einu sinni í viku og ræðir þar hugðarefni sín og hvernig efla má góða heilsu og andlega líðan. Farið var í gönguferð í framhaldi af hverjum heilsu-fundi.

Geðheilsugarðurinn

Sex félagar í Geysi hafa unnið að því að móta hugmyndir um stofnun Geðheilsugarðs. Fundirnir vegna þessa hafa verið haldnir í Geysi og hefur formlega verið stofnað styrktarfélag um rekstur Geðheilsugarðs. Hugmyndin er að koma á fót stað þar sem fólk með geðræn veikindi getur komið til hvíldar í rólegu umhverfi.

Eldhús- og viðhaldsdeild

Dagleg starfsemi

Eldhús- og viðhaldsdeild halda sameiginlega deildarfundir. Í eldhúsdeildinni er eldaður matur fyrir að meðaltali 16 manns á dag, bæði félaga, starfsmenn og gesti. Alls voru seldir 4.024 matarskammtar á árinu bæði hádegismatur og kvöldmatur á opnu húsi ásamt veislum. Til daglegra verkefna eldhúsdeildar telst; matseld, bakstur, upp-



Undirbúningur hádegisverðar í eldhúsdeild.

þvottur, frágangur, þrif, þvottur, innkaup og úthringingar. Auk

þess sér eldhúsdeild um að útbúa matseðil fyrir vikuna, upp-gjör kassa í lok dags og innslátt reikninga. Eldhúsdeild pantar rekstrarvörur fyrir allt húsið. Allur matur er unninn frá grunni til þess að skapa næg verkefni fyrir félaga og gæta hagkvæmni. Tekið er slátur, auk þess er sviðasulta útbúin, sultað úr rabarbara, rífsberjum og bláberjum. Ræktaðar eru kryddplöntur sem nýttar eru við matseld. Að vanda er grillað á góðviðrisdögum á veröndinni fyrir framan húsið.

Sjoppan

Eldhúsdeildin sér um rekstur sjoppunnar. Til verkefna hennar telst sala á matar- og kaffimiðum, ávöxtum, gosi, sælgæti og kökum. Einnig sér sjoppan um að kaupa inn vörur sem þar eru seldar.



Félagi afgreiðir í sjoppunni.

Hautmarkaður

Hautmarkaður var haldinn til styrktar Geysi um leið og haldið var upp á Alþjóðlegan geðheilbrigðisdag. Mikill undirbúningur var vegna markaðarins, bæði bjuggu félagar og starfsfólk til alls kyns varning en einnig gáfu Flúðasveppir ehf. Klúbbum grænmeti til þess að selja.

Veislur

Þorrablót Klúbbsins var haldið 5. febrúar og tókst mjög vel. Þátttaka var mjög góð og mættu 50 - 60 félagar, starfsmenn og gestir á blótið og skemmtu sér hið besta. Hin

árlega páskamáltíð var haldin laugardaginn 11. apríl að hætti hússins. Alls mættu 23 félagar í veisluna. Aðstandenda- og kynningardagur var haldinn þann 4. júní. Boðið var upp á kynningarferðir um húsið og hægt var að gæða sér á glæsilegum veisluþöngum. Þann 16. júlí var boðið í blómakaffi í tilefni blómavikunnar. Haldið var upp á 10. ára starfsafmæli Geysis þann 6. september með veglegu kökusamsæti. Jólaveislan var haldin 4. desember og mættu um 60 manns. Litlu-jólin voru haldin þriðjudaginn 18. desember. Auk þess var haldin skötuveisla á Þorláksmessu. Allar þessar veislur heppnuðust afar vel.

Blómavika/Skreytingar

Mikil vinna fór í að undirbúa blómavikuna 13. til 17. júlí, en þá voru búinir til blómvendir og skreytingar úr blómum sem klúbburinn fékk að gjöf frá Grænum Markaði ehf. og blómaheildsölonni Samasem ehf. Félagar úr öllum deildum tóku þátt í að fegra húsið og umhverfi þess. Þann 16. júlí var boðið í blómakaffi, sem er hápunktur blómaviku. Gestir fengu kynningu á Klúbbnum. Þess má geta að forseti lýðveldisins, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson heiðraði klúbbinn með nærveru sinni. Eldhúsdeild hefur einnig séð um skreytingar í öðrum veislum Geysis svo sem þorrablóti, páskaveislu og jólaveislu. Haldið var föndurkvöld þar sem jólakort voru búin til en þau voru hönnuð af Helga Ásmundssyni félaga í Geysi, auk þess sem þau voru útbúin á vinnumiðaðum degi. Tæplega 400 kort voru send til félaga og velunnara klúbbsins.



Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands ræðir við félagar.

Viðhaldsdeild

Dagleg starfsemi



Hallgrímur og Sigga þvo gluggana.

Viðhaldsdeild sér um allt almennt viðhald hússins bæði að innan og utan. Til daglegra verkefna telst: viðhald húsbúnaðar og húss, tæming á rusli, skipta um ljósaperur, sópa stétt fyrir utan hús og moka snjó á vetrardögum. Einnig sér viðhaldsdeild um daglegt viðhald á tölvukerfi klúbbsins og má þar meðal annars nefna afritatöku á gögnum.

Viðhald húsnæðis

Viðhaldsdeildin er komin með stærri aðstöðu á fyrstu hæð klúbbsins og þar var sett upp hillukerfi fyrir lager. Fundarherbergi var málað og aðstaða viðhaldsdeildar. Einnig var settur upp skolvaskur á fyrstu hæð. Atvinnu- og menntadeild er á þriðju hæð við

hliðina á skrifstofunni og var þar komið fyrir skrifborðum og tölvum. Einnig er þar sími sem notaður er til úthringinga.

Skrifstofu- atvinnu- og menntadeild (ATOM)

Dagleg starfsemi

Skrifstofu, atvinnu- og menntadeild halda sameiginlega deildarfundum. Til daglegra verkefna á skrifstofunni telst skráning á viðveru félaga og gesta. Auk þess útgáfa Hádegisfréttanna sem er daglegt fréttabréf klúbbsins. Kynningarefni er prentað, brotið og heftað. Dagskrá og fundargerðir húsfunna eru ritaðar og prófarkalesnar. Unnið er að þýðingum á erlendum greinum sem tengjast starfsemi klúbbhúsa og notaðar við uppbyggingu starfsins. Haldið er utan um alla tölfraði um starfsemina og skráningu á henni. Einnig sér skrifstofudeildin um úthringingar til félaga í deildinni.



Starfsfólk og félagar í dagsins önn á skrifstofunni.

Atvinnu- og menntadeild (ATOM)

Atvinnu- og menntadeild var sett á laggirnar á árinu. Hlutverk hennar er að styðja félaga við að ná markmiðum sínum varðandi atvinnu og menntun með því að nýta þau tækifæri sem eru í boði úti í samfélaginu. Samstarf er hafið við ýmsar menntastofnanir auk þess sem rými á þriðju hæð var útbúið fyrir starfsemina. Deildin er eining innan skrifstofudeildar og eru haldnir sameiginlegir deildarfundir. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt og má þar á meðal nefna umsjón með RTR, aðstoð við félaga til að komast á almennan vinnumarkað. Aðstoð við gerð ferilskrár. Samskipti við Vinnumiðlun Fatlaðra og Atvinnu með stuðningi (AMS). Samskipti við Tryggingastofnun og skattayfirvöld vegna atvinnuþátttöku félaga. Umsjón með námskeiðahaldi. Aðstoð við félaga til að sækja um nám og ýmiss stuðningur við námsmenn. Samskipti við menntastofnanir s.s Fjölmennt og Hringsjá ofl.

Símakönnun

Unnið var að símakönnun þar sem hringt var í félaga og þeir spurðir um stöðu sína varðandi nám og vinnu. Tilgangurinn var tvíþættur. Í fyrsta lagi var ætlunin að uppfæra félagatal klúbbsins, en það hafði ekki verið gert með kerfisbundnum hætti þau 10 ár sem Klúbburinn hefur verið starfandi. Einnig var ætlunin að afla upplýsinga um hvort félagar væru í vinnu og/ eða námi auk þess sem spurt var um vilja félaga til að komast í aukna virkni. Ef félagar vildu komast í aukna virkni var spurt um hvernig virkni félagar vildu komast í. Bæði símanúmer og heimilisföng félaga voru illa

uppfærð og því fór mikil vinna í að uppfæra þær upplýsingar til þess að geta hafist handa við úthringingarnar. Auk þess voru upplýsingar um félagaleiðréttar í félagatali samhliða úthringingum. Úthringingum lauk í október 2009 og því tók könnunin um ár. Ætlunin er að framkvæma símakönnun árlega og því verður félagatal Klúbbsins vonandi betur uppfært en áður var. Í úrtaki voru 350 félagar 16 félagar vildu ekki svara könnuninni og ekki náðist í 36 félagar. Svarshlutfall var 85%.

Móttaka

Móttakan er mikilvægur þáttur í starfseminni. Þar er meðal annars svarað í síma, tekið á móti félögum og gestum, tekið á móti pósti sem berst og fyllt á rekka fyrir bæklinga og blöð. Þar er einnig hægt að finna allar auglýsingar og tilkynningar sem tengjast klúbbsstarfinu. Farið var í áttak til að efla móttöku og bæta mönnunina þar. Útbúin var stundarskrá og boðið var upp á að vera í móttöku í hálf tíma í senn sem mæltist vel fyrir.



Tveir félagar sinna móttökunni.

Útgáfumál

Litli-Hver hefur komið út frá árinu 2002 og er hann gefinn út mánaðarlega. Litli-Hver er fréttabréf um starfsemi klúbbsins og hefur útgáfan gefist mjög vel til að tengja félagalega betur við starfsemi klúbbsins. Hann er prentaður í um það bil 400 eintökum í hverjum mánuði.

Litli-Hver er sendur til allra félaga, stjórnar Klúbbsins, geðdeilda LSH, styrktaraðila og ýmissa aðila í heilbrigðiskerfinu. Árið 2008 var umfang Litla-Hvers aukið úr fjórum blaðsíðum í átta.

Útgáfa Hádegisfréttanna hófst í janúar 2004 og er mjög góð viðbót í þeirri viðleitni að hafa allar upplýsingar um starfsemi klúbbsins aðgengilegar og sýnilegar. Í Hádegisfréttum eru meðal annars tilkynningar og auglýsingar er varða daginn. Þess getið hverjir eiga afmæli, ljósmyndir úr starfinu, spakmæli og gamanmál. Gefinn var út sérstakur ferðakálfur (Litli Kálfur) með Litla Hver í tilefni vorferðarinnar 2009

Heimasíða

Markvisst var unnið að því að uppfæra og breyta heimasíðu Klúbbsins. Matseðill vikunnar er uppfærður vikulega og nýjar fréttir settar inn í hverri viku og upplýsingar um félagslega dagskrá eru settar inn mánaðarlega. Auk þess er námskeiðahald kynnt. Á síðunni eru tenglar inn á áhugaverðar síður, meðal annars RTR vinnustaðina, menntunartækifæri og önnur úrræði fyrir fólk með geðræn veikindi. Þetta er góð viðbót fyrir félagalega sem hafa aðgang að veraldarvefnum til að fylgjast með starfseminni.

Kynningarstarfsemi


Kynningar voru með hefðbundnum hætti. Sjálfstætt starfandi geðlæknar og sálfræðingar hafa í auknum mæli vísað skjólstæðingum sínum á klúbbinn sem þátt í endurhæfingu þeirra. Reynt er að koma til móts við þarfir hvers og eins um kynningar. Einnig hefur Klúbburinn haldið kynningar á geðdeildum LSH og víðar. Aðstandenda- og kynningardagur var haldinn 5. júní og tókst hann í alla staði mjög vel. Á alþjóðlegum degi sjúkraliða kynnti Klúbburinn Geysi starfsemi sína. Félagsliðanemar og hjúkrunarfræðinemar og sjúkraliðanemar hafa einnig verið mjög duglegir að kynna sér starfsemi klúbbsins.



Nemendur í Borgarholtsskóla í kynningu ásamt félögum og starfsfólki í Geysi

Tölfræði


Mynd 1: Mæting félaga 2009, heildarmæting og meðalmæting á dag.



	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Meðaltal
Meðalmæting	24	28	35	29	28	30	26	28	34	35	35	30	30
Heildarmæting	88	95	107	92	93	96	92	93	110	103	105	96	97
Hlutfall þeirra sem mæta daglega á mótum þeim sem eru virkir													31%
Heildarmæting er fjöldi einstakra félaga sem mætir í hverjum mánuði.													
Meðalmæting er meðaltal mætinga á hverjum degi yfir mánuðin.													

Að meðaltali mættu 30 félagar daglega á árinu 2009. Virkir félagar voru að meðaltali 97 og því voru það um 31% virkra félaga sem mættu daglega. Virkur félagi telst sá sem mætir einu sinni í mánuði eða oftar.

Mynd 2: Fjöldi félaga í Klúbbnum Geysi í vinnu og eða námi við árslok



Í lok árs 2009 voru 73 félagar í vinnu, 31 félagi var í vinnu og námi og 49 félagar voru í námi. Alls 153 félagar voru því í vinnu og eða námi í árslok 2009 eða 41% skráðra félaga.



Skipholti 29, 150 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir
Veffang: www.kgeysir.is